

Eystrahorn

33. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 24. september 2020

www.eystrahorn.is

Þróun íbúafjölda og íbúasamsetning í Sveitarfélaginu Hornafirði

Stjórnvöld hafa látið vinna greiningar á samsetningu íbúa og atvinnulífs á síðustu mánuðum í kjölfar efnahagsþrenginga vegna áhrifa Covid 19. Starfsmenn sveitarfélagsins tóku saman úr gögnunum áhugaverðar upplýsingar varðandi þróun íbúafjölda og íbúasamsetningu í sveitarfélaginu. Það er fagnaðarefni að undanfarin ár hefur íbúum í Sveitarfélaginu Hornafirði verið að fjölga en árið 2010 bjuggu 2.086 íbúar í sveitarfélaginu en í dag eru þeir 2.418 talsins. Íbúasamsetning hefur einnig breyst töluvert á þessum tíma en íslenskum ríkisborgurum hefur fækkað lítillega frá því að vera 1.981 talsins árið 2010 í 1.882 í dag. Árið 2013 mældust flestir íslenskir ríkisborgarar í sveitarfélaginu eða 2.047. Á meðan Íslendingum fækkar þá hefur fjöldi erlendra ríkisborgara aukist jafnt og þétt en í dag búa hér 536 íbúar með erlendan ríkisborgararétt. Hlutfallslega er fjölgunin mest frá árinu 2014 en þá voru erlendir ríkisborgarar 6% af íbúasamsetningunni en árið 2019 voru þeir um 20%. Fjölmennasti hópurinn er frá Póllandi. Meðalaldur íbúa hefur lækkað á

þessu tímabili og stafar það af fjölgun erlendra ríkisborgara á aldrinum 25 til 34 ára.

Breyting á samsetningu starfa

Atvinnulíf hefur dafnað samfara mikilli aukningu á komum ferðamanna til landsins og ekki síst fjölgun ferðamanna á jaðartímum. Fjöldi heilsársstarfa í ferðaþjónustunni hefur aukist mikið eða um 24% frá árinu 2008, þá voru heilsársstörf 9,8% af störfum í sveitarfélaginu en árið 2019 voru þau 35,6% af heilsársstörfum. Hlutfall rekstrartekna ferðaþjónustunnar er 22,8% af rekstrartekjum fyrirtækja í sveitarfélaginu.

Íbúavelta er mikil og bendir það til þess að fólk flytur til sveitarfélagsins til að vinna í stuttan tíma, en það sem af er þessa árs hafa 200 íbúar flutt brott úr sveitarfélaginu en 199 hafa flutt í sveitarfélagið.


Atvinnuástand í dag

Atvinnuleysi hefur ekki verið mælanlegt síðustu 8 ár. Eftir að

Covid 19 faraldurinn skall á og með tilheyrandi sóttvarnaaðgerðum og hömlum á landamærum breyttist staðan hér í sveitarfélaginu. Atvinnuleysið mældist hæst í apríl síðastliðinn þegar allt var lokað eða 28%, en hlutfallið hefur lækkað og er áætlað atvinnuleysi í ágúst 12,2% í sveitarfélaginu en á landsvisu er áætlað atvinnuleysi 9,6%. Af þeim sem eru án atvinnu í sveitarfélaginu eru 65% þeirra með erlendan ríkisborgarétt. Hæsta hlutfall atvinnuleysis er í atvinnugreinum sem tengjast

ferðaþjónustu og þá helst gistipjónustu. Unnið er að aðgerðum til að fjölga atvinnutækifærum á svæðinu í samstarfi við SASS, Byggðastofnun og Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og hefur sveitarfélagið fengið 18 m.kr. fjárframlag til þess frá ríkinu. Það er ljóst að aðstæður í sveitarfélaginu eru erfiðar sem stendur en við verðum að vona að það birti til um síðir og hingað munu streyma ferðamenn sem fyrr þegar Covid 19 farið liður hjá.

Þróun íbúafjölda í Sveitarfélaginu Hornafirði 2010-2020



Þróun íbúafjölda í sveitarfélaginu 2010-2020

Lestrarhestur 2020

Í sumar var Menningarmiðstöð Hornafjarðar með lestrarátakið Lestrarhestur 2020 fyrir börn á grunnskólaaldri og stóð átakið frá 8. júní til 24. ágúst. Krakkarnir þurftu að lesa 10 bækur og fylla út þátttökublað og þá voru þau kominn í pottinn. Nú á dögumum veitti Menningarmiðstöðin verðlaun og viðurkenningar í áttakinu. Afhendingin fór fram á bókasafninu. Fjöldi barna, á aldrinum fjögurra til ellefu ára gömul, tók þátt og veitti MMH 8 börnum viðurkenningu með bókargjöf. Viðurkenningu fengu: Anna Herdís, Gunnar Leó, Embla Guðný, Laufey Ósk, Jóhann Frans, Theódór Árni, Stefán Birgir og Dominyka.

Sigurvegari var Svanborg Rós. Menningarmiðstöðin er að vonum kát með þátttökuna og hvetur börn, og öll til að halda áfram að lesa og lesa og lesa.



Svanborg Rós með verðlaunin. Mynd: Tim Jung

Sofðu vel heilsunnar vegna

Úrval af rúmum og dýnum, sama verð og í Reykjavík.

Frír flutningur um óákveðinn tíma.
Úrval af fallegum og nýtsamlegum gjafavörum
Verið velkomin

Opið frá kl. 13-18 virka daga
478-2535 / 898-3664

Húsgagnaval
Húsgögn og gjafavörur

Hlífðardýnur og lök
í öllum stærðum

Svefn & heilsa
★★★★★



Nú leggjum við í Gleðigjöfum af stað í söng í þeirri von að veiran taki ekki af okkur völdin.

Nú skora ég á alla 60 +og hafa gaman af að syngja og vera í góðum félagsskap einu sinni í viku, einn og hálfan tíma á þriðjudögum, Verið aldeilis ekki feimin við að gefa ykkur fram við mig í síma 864-4917, nú eða einhvern kórfélagann.

Söngur er bót alls..látið mig vita það!

Kærust kveðja, Guðlaug Hestnes

FAB LAB WORKSHOP

Are you a creative? We offer open Workshop to learn how to use Fab Lab (Fabrication Laboratory).



What you will learn: 2D Drawing, Laser Cutting, Vinyl Cutting, CNC Milling, Pressfit Design, Parametric Design and other skills.

Other info

Total length of workshop: 12 hours

Length of sessions: 3 hours

When does it start: October 6th

Time of day: 17:00 - 20:00

Price: 15.000 kr. + low material cost

To Register: vilhjalmurm@hornafjordur.is

or call: 862-0648



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA SAMVERUSTUND föstudaginn

25.september kl. 17:00.

Myndir og tónlist.

Höfum meter á milli okkar og sprittið!

Umsjón Haukur Helgi

Hittumst heil !

TÍMAR Í ÍÞRÓTTAHÚSINU kl. 10:30 - 11.50 á
mánudögum. Badminton ofl.



Aðalfundur Karlakórsins Jökuls 2010

Aðalfundur Karlakórsins Jökuls verður haldinn
mánudagskvöldið 28. september n.k. í
safnaðarheimili Hafnarkirkju kl. 20.00

Almenn aðalfundarstörf



SJÁLFBÆR RÆKTUN

Boðið verður upp á námskeið í að setja saman sjálfbær kerfi til að rækta plöntur. Námskeiðið er hluti af námskeiðaröð og er hannað af Fab Lab smiðjum landsins og samstarfsaðilum.



Á námskeiðinu er leitast við að tengja saman fólk með mismunandi þekkingu á sviði ræktunar og nýta hagkvæmar tæknilausnir sem Fab Lab smiðjur hafa upp á að bjóða. **Ekki þarf að hafa neina formlega reynslu, aðeins áhuga!**

12 tíma námskeið, 3 tímar í lotu, hefst 10.nóvember.

Kennt verður á þriðjudögum

kl.17:00-20:00 / Gjald 15.000 kr.

á námskeið (fyrir utan efniskostnað)

Skráning: vilhjalmurm@hornafjordur.is

eða í síma: 862-0648.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlarent

ISSN 1670-4126

Kvöldstund með KVAN



Í starfi Nýheima þekkingarseturs með ungu fólki hefur komið fram að ungmenni í Hornafirði telji sig skorta fræðslu á viðum grunni.

Á námskeiðinu *Öflug ung forysta* sem setrið hélt fyrir ungt fólk í desember síðastliðnum kom m.a. fram áhugi ungmenna á valdeflandi fræðslu og stungu ungmennin uppá að fá KVAN í heimsókn fyrir ungt fólk í sveitarfélaginu. Nú hefur náðst samkomulag um að KVAN sendi Elvu og Gunnar, reynda þjálfara KVAN til Hafnar næsta mánudag, 28. september til að spjalla við unga fólkið á svæðinu í boði Nýheima þekkingarseturs.

Kvöldstund með KVAN er hugsuð fyrir ungmenni á aldrinum 16 til 20 ára, kvöldstundinni er stýrt af þjálfurum KVAN sem fara munu yfir mikilvæga þætti svo sem þrautseigju, áhrif okkar og kröfur samfélagsins fléttað saman í skemmtilegt og fræðandi erindi auk þess að gefa verkfæri sem nýtast út lífið.

Mikilvægt er að skrá sig svo nægar veitingar verði til handa öllum og hægt sé að tryggja viðeigandi sóttvarnir, skráning er hjá Kristínu Völu verkefnastjóra Nýheima þekkingarseturs, (s: 470-8089 /690-1184, email: kristinvala@nyheimar.is)

Finndu okkur á facebook *Nýheimar þekkingarsetur* og *Kvöldstund með KVAN*

Horfum til framtíðar



Kæri ferðabjónustuaðili í Sveitarfélaginu Hornafirði

Nú þegar óvissan er mikil fyrir rekstraraðila í ferðabjónustu langar stjórn Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu (FASK) að boða til vinnufundar í byrjun október. Vinnufundinum er ætlað að skila hugmyndum og tillögum að úrræðum/lausnum fyrir ferðabjónustuaðila. Hvað getum við gert sjálf sem atvinnugrein? Geta opinberir aðilar gert eitthvað til að aðstoða fyrirtæki í gegnum þá erfiðleika sem framundan eru?

Í aðdraganda að vinnufundinum munu FASK og Nýheimar þekkingarsetur, með stuðningi frá Sveitarfélaginu Hornafirði standa fyrir könnun meðal ferðabjónustuaðila á svæðinu sem ætlað er að varpa ljósi á stöðuna núna sem og á komandi misserum. Niðurstöður könnunarinnar verða notaðar sem innlegg í umræður og vinnu á vinnufundinum 8. október n.k.

Til að niðurstöðurnar verði sem áreiðanlegastar viljum við biðja ferðabjónustuaðila um að taka þátt í könnuninni sem fer fram með rafrænum hætti og mæta í kjölfarið á vinnufundinn og taka þátt í að móta framtíð ferðabjónustunnar í sveitarfélaginu okkar. Þess ber þó að geta að við hvetjum alla ferðabjónustuaðila í sveitarfélaginu til þess að svara könnuninni hvort sem viðkomandi kemur á vinnufundinn eða ekki.

Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu (FASK) eru hagsmunasamtök fyrir ferðabjónustuaðila í Sveitarfélaginu Hornafirði og hefur félagið verið til um árabíl en var endurvakið síðastliðið ár.

Í september var ný stjórn kosin:

Haukur Ingi Einarsson, Glacier Adventure formaður

Laufey Guðmundsdóttir, Glacier Journey ritari

Bergþóra Agústsdóttir, Pakkhúsið gjaldkeri

Ágúst Elvarsson, Jökulsárlón meðstjórnandi

Matthildur Þorsteinsdóttir, Örfæfaferðir meðstjórnandi.

Anna María Kristjánsdóttir, South East, varamaður

Þeir sem geta orðið aðilar að ferðamálafélaginu eru einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir með starfsstöð eða aðsetur í Austur-Skaftafellssýslu.

Haukur Ingi Einarsson



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Menningarmiðstöð Hornafjarðar auglýsir eftir öflugum liðsmönnum í ritnefnd Skafftellings.

Ritið er gefið út annað hvert ár og er áætlað að næsta tölublað koma út fyrir lok þessa árs.

Ritnefnd vinnur að útgáfu ritsins, fundar reglulega og fær greitt samkvæmt 8. gr. samþykta um kjör fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Hlutverk ritnefndar Skafftellings er að leita eftir og velja efni til birtingar í ritinu og tryggja að kröfum um gæði og framsetningu efnis sé fylgt.

Reglur um útgáfu Skafftellings má finna á heimasíðu sveitarfélagsins <https://www.hornafjordur.is/media/reglur-og-samthykktir/Reglur-um-utgafu-Skafftellings-samthykktar-i-baejarradi.pdf>

Umsóknarfrestur er til 30.09.2020. Tekið er við umsóknum á netfangið skjalasafn@hornafjordur.is



Menningarmiðstöð Hornafjarðar / Litlubú 2 / S: 4708050 / www.mmh.hornafjordur.is

Vildaráskrift Eystrahorns

Þeir sem vilja styrkja útgáfuna geta greitt frjálst framlag, svokallaða vildaráskrift inn á reikning útgáfunnar. Hægt er að greiða áskriftina t.d. mánaðarlega, nokkra mánuði í einu eða eins og hentar hverjum og einum. Vildaráskriftin er frjálst framlag t.d. 1000 kr. á mánuði.

HLS ehf.

Rnr. 537-26-55002

kt.500210-2490

Plastlaus september 2020- Breytum til hins betra

Árvekníatákið Plastlaus september er nú í fullum gangi fjórða árið í röð. Vegna samkomutakmarkana hefur Plastlaus september einbeitt sér að því að miðla upplýsingum og hvatningu til fólks með rafrænum hætti og hefur það fengið afar góðar undirtektir. Sem dæmi má nefna veggspjaldið “30 leiðir til að minnka plastið” sem hefur fengið góða dreifingu á samfélagsmiðlum.

Í ár erum við sérlega stolt að segja frá því að við vinnum að því að þýða heimasíðuna okkar, plastlaus.is, á ensku og pólsku svo að sem flestir íbúar landsins geti tekið þátt í að minnka plastið. Gaman er að segja frá því að það eru ekki bara einstaklingar sem taka þátt með því að setja sér markmið heldur taka fjölmargar stofnanir og fyrirtæki þátt og nýta þannig mánuðinn til að stíga skref í rétta átt og vekja athygli á þeim fjölmörgu möguleikum sem er til staðar til að minnka plastið. Skógræktin er gott dæmi um hvað stofnanir/fyrirtæki

geta gert til að dreifa út boðskap plastlauss septembers.

Bláskelin var afhent í annað skiptið núna í september en það er viðurkenning Umhverfis- og auðlindaráðherra til fyrirtækis, stofnunar eða einstaklings fyrir framúrskarandi lausnir sem stuðla að minni plastnotkun og plastúrgangi í samfélaginu. Að þessu sinni hlaut Matarbúðin Nándin viðurkenninguna en um er að ræða fjölskyldufyrirtæki þar sem markmið fjölskyldunnar er að skapa sjálfbært matvælaferfi þar sem sett er upp hringrás fyrir gler, ásamt því að selja matvöru í niðurbrjótanlegum og moltuhæfum umbúðum. Í úrslitahóp dómnefndar komust þrjár aðilar auk Matarbúðarinnar Nándarinnar, en þeir eru Bioplastic skin, Krónan og Plastplan.

Í lok mánaðar verður málþingið “Frá upphafi til enda- plastnotkun í íslenski matvælaframleiðslu.” Rætt verður um þær áskoranir sem framleiðendur, seljendur, neytendur og móttökuaðilar



sorps standa frammi fyrir með að minnka plastið og hvaða tækifæri eru til staðar til að gera betur. Málþingið verður haldið 30.

september, kl. 17:00 í Veröld- hús Vigdísar - Auðarsalur.

Hvetjum við alla til að fylgjast með málþinginu í streymi.

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning, velferð og samstarf** svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni** og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur og úthlutunarreglur** sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 6. OKTÓBER, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Orkujurtir - umhverfisvænir orkugjafar

Innlend olíuframleiðsla eflir orkuöryggi Íslands, sparar gjaldeyri og minnkar verðsveiflur. Hún er einnig mun umhverfisvænni en notkun jarðefnaeldsneyta. Ræktun á repju og nepju bindur koldíoxíð og dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Vinnsla á olíu úr fræjum þessara orkujurta bindur meira koldíoxíð en losnar við bruna á olíunni, öfugt við það sem gerist þegar jarðolía er brennd.

Nýsköpun í landbúnaði

Orkujurtirnar repja og nepja má rækta með góðum árangri víða um land og getur orðið góð viðbót sem nýsköpun í íslenskum landbúnaði og iðnaði. Ræktun orkujurta styður við landgræðslu og jarðvegsundirbúning fyrir aðra ræktun. Við ræktun og vinnslu þessara tegunda verða til þrjár afurðir; olía, fódurmjöl og stönglar. Stönglarnir eru notaðir sem áburður og undir húsdýr, fódurmjölið er próteinríkt og hentar vel fyrir nautgripi, svín og eldisfiska. Þá má nota olíuna sem vistvænan orkugjafa á vélar sem brenna díselolíu.

Þörf á efnahagslegum hvötum

Síðastliðið haust flutti undirrituð ásamt öðrum þingmönnum Framsóknarflokksins

þingsályktunartillögu um mótun efnahagslegra hvata til að efla ræktun orkujurta á Íslandi. Með henni er Sigurði Inga Jóhannssyni samgöngu- og sveitastjórnarráðherra falið að skipa starfshóp til að móta og hrinda í framkvæmd aðgerðaráætlun um efnahagslegan hvata sem styrkja forsendur fyrir ræktun orkujurta. Þessi þingsályktunartillaga verður endurflutt á haustþingi.

Betra fyrir efnahaginn og umhverfið

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér markmið um að minnka notkun á jarðefnaeldsneyti og nýta frekar orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Ísland er aðili að Parísar sáttmálanum, samkvæmt sáttmálanum skulu aðildarríkin setja sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og unnið er að því statt og stöðugt. Það var mikið gleðiefni þegar ritað var undir viljayfirlýsingu fyrir stuttu milli Samgöngustofu og ISAVIA um samstarf vegna tilraunaverkefnis um íblöndun repjuolíu á stórvirk tæki á Keflavíkurflugvelli. Með samstarfi Samgöngustofu og ISAVIA er stigið mikilvægt skref í orkuskiptum með því að auka hlutdeild innlendra orkugjafa. Með sívaxandi umhverfisvitund og aukinni þekkingu á



áhrifum brennslu jarðefnaeldsneytis á hlýnun jarðar hljótum við öll að vera sammála um að nýta umhverfisvæna og sjálfbæra orkugjafa, það er gott fyrir jörðina, landbúnaðinn og efnahaginn. Repjuræktun eflir sjálfbærni íslensk samfélags og styrkir íslenska atvinnuvegi. Áfram veginn!

Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins

HÖNNUNARNÁMSKEIÐ Í FAB LAB

Grunnnámskeið í Fab Lab

Boðið verður upp á 12 tíma Fab Lab námskeið í október. Kennt verður á Inkscape, vínylskera, laserskera og viðarfræsara. Sýndir verða möguleikar á því hvernig hægt er að nýta smiðjuna á fjölbreyttan hátt í nýsköpun, handverki, fatahönnun og listum.



12 tíma námskeið, 3 tímar í lotu hefst 6.október.

Kennt verður á þriðjudögum
kl.17:00-20:00 / Gjald 15.000 kr.
á námskeið (fyrir utan efniskostnað)
Skráning: vilhjalmurm@hornafjordur.is
eða í síma: 862-0648.

Önnur námskeið í boði

Við viljum kanna áhuga á þessum námskeiðum. Ef nægur fjöldi næst þá munum við halda þau í vetur. Verið í sambandi til þess að fá meiri upplýsingar.

Ath. ekki er komin tímasetning eða verð á sum þessarra námskeiða!

- Sjálfbær ræktun með iðntölvum
- Grafísk hönnun fyrir byrjendur
- Þrívíddarteikning og prentun
- Róbótasmíði fyrir ungmenni
- Fab Lab námskeið (kennt á ensku)

HELGIN BYRJAR Í NETTÓ!



-60%

Grísalæri
Purusteik
598 KR/KG
ÁÐUR: 1.495 KR/KG

KJÖTBORD



-20%

NORÐLENSKA

Sænskar hakkbollur
500 gr

1.199 KR/PK
ÁÐUR: 1.499 KR/PK



-40%

Nautgripahakk
1 kg

1.199 KR/KG
ÁÐUR: 1.999 KR/KG



KJÖTSEL

-32%

Lambalærvöðvi
Í hvítlaukspiparmarineringu

1.971 KR/KG
ÁÐUR: 2.899 KR/KG



Danpo



**GOTT
VERÐ!**

Kjúklingalundur
700 gr
1.091 KR/PK
ÁÐUR: 1.299 KR/PK



Nautalund
Hálf
4.978 KR/KG
ÁÐUR: 5.998 KR/KG

**GOTT
VERÐ!**



-40%

Dökkt speltbrauð
500 gr
371 KR/STK
ÁÐUR: 619 KR/STK

HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGAR NETTÓ

24. SEPTEMBER TIL 4. OKTÓBER

KYNNTU ÞÉR ÖLL
FRÁBÆRU TILBOÐIN
Í HEILSUBLAÐINU!

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar
á netto.is og Facebook-síðu Nettó
varðandi leiki og ofurtilboð dagsins á
Heilsudögum.



128
SÍÐUR AF
FRÓÐLEIK OG
TILBOÐUM!

Blóm- og spergilkálstvenna
300 gr bakki

419 KR/PK
ÁÐUR: 599 KR/PK

-30%



nettó

Lægra verð - léttari innkaup



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 24.-27. september

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vörurval getur verið breytilegt milli verslana.